

## Skýrsla.

um aðalfund amtsráðs Austuramtsins 11.—14. júlí 1898.

Ar. 1898, mánudaginn 11. júlí var aðalfundur amtsráðs Austuramtsins settur og haldinn á Seyðisfirði af amtmanni Páli Briem, aðalamtsráðsmanni Austurskaptafellssýslu, hjeraðslækni Þorgrími Þórðarsyni á Borgum, aðalamtsráðsmanni Suðurmúlasýslu, sýslumanni Axel V. Túliníusi á Eskifirði, og aðalamtsráðsmanni Norðurþingeyjarsýslu, hreppstjóra Árna Kristjánssyni í Lóni, en aðalamtsráðsmaður Norðurmúlasýslu, prófastur Einar Jónsson í Kirkjubæ, var eigi kominn í fundarbyrjun, en kom litlu síðar.

Á fundinum komu þessi mál til umræðu:

1. Hinn 31. desember f. á. áttu amtsráðsmennirnir í Austurskaptafellssýslu og Suðurmúlasýslu að ganga úr amtsráðinu. Í stað þeirra höfðu verið kosnir af sýslunefndinni í Austurskaptafellssýslu samkvæmt brjefi sýslumannsins þær, dags. 12. maí þ. á., hjeraðslæknir Þorgrímur Þórðarson á Borgum sem aðalamtsráðsmaður, og sem varaamtsráðsmaður prófastur Jón Jónsson á Stafafelli, og af sýslunefndinni í Suðurmúlasýslu, samkvæmt brjefi sýslumannsins þar, dags. 5. s. m., sem aðalamtsráðsmaður sýslumaður Axel V. Tulínus á Eskifirði, og sem varaamtsráðsmaður kaupmaður Friðrik Möller á Eskifirði. Kosningar þessara manna voru samþykktar og gilda þær um 6 ár frá 1. jan 1898.
2. Forseti lagði fram reikninga yfir tekjur og gjöld eptirfylgjandi sjóða 1897 með fylgiskjölum:
  - a. Jafnaðarsjóðs Austuramtsins
  - b. Búnaðarsjóð Austuramtsins.
  - c. Búnaðarskólasjóðs Austuramtsins
  - d. Gjafasjóðs Guttorms prófasts Þorsteinssonar.
  - e. Gjafasjóðs Pjeturs sýslumanns Þorsteinssonar.
 Amtsráðið rannsakaði reikninga þessa og samþykkti þá síðan án athugasemda.
3. Forseti lagði fram alla sýslusjóðsreikninga og sýsluvegasjóðsreikninga 1897 úr öllum sýslum í amtinu, og var amtsráðsmönnum Austurskaptafellssýslu og Suðurmúlasýslu falið að endurskoða sýslusjóðsreikningana, en amtsráðsmönnum Norðurmúlasýslu og Norðurþingeyjarsýslu falið að endurskoða sýsluvegasjóðsreikningana.
4. Forseti lagði fram eptirrit af gjörðabókum allra sýslunefnda í amtinu.
  - a. Norðurþingeyjarsýslu af fundi 17.—19. marz 1898.
  - b. Norðurmúlasýslu af fundum 29.—30. sept. 1897 og 9.—11. maí 1898.
  - c. Suðurmúlasýslu af fundum 29. sept. 1897 og 20.—21. apríl 1898.
  - d. Austurskaptafellssýslu af fundi 27. apríl 1898.
 Amtsráðið hafði ekkert að athuga við fundargjörðirnar úr Suðurmúla- og Norðurmúlasýslu, en við hinar fundargjörðirnar þótti athugasvert, að sýslunefndirnar höfðu eigi kosið kjörstjórnarmenn við kosningar á varasýslunefndarmönnum samkvæmt lögum 6. nóv. 1897, sbr. 29. gr. sveitarstjórnartilskipunarinnar.

## 5. Forseti lagði fram viðvíkjandi fjárkláðanum:

99

1. Skýrslu um málið frá amtmanni, dags. 15. f. m.
2. Skýrslu um baðanir sauðfjár og um heilbrigðisástand sauðfjárins í hreppunum bæði í Norðuramtinu og Austuramtinu og mörg önnur brjef um málið.
3. Brjef landshöfðingja, dags. 14. f. m., þar sem hann óskar að fá álit amtsráðsins samkvæmt brjefi ráðgjafans fyrir Ísland, dags. 14. apríl þ. á.
4. Frumvarp til laga um fjárkláða.

Amtsráðið kynnti sjer rækilega lagafrumvarp alþingis um fjárkláða og önnur næm fjárveikindi á Íslandi og áður nefnt ráðgjafa- og landshöfðingja-brjef, ennfremur ræddi það grein fyrir grein frumvarp til laga um fjárkláða, er lagt hefir verið fyrir amtsráðið, gjörði við það nokkrar orðabreytingar og samþykkti frumvarpið síðan í öllum greinum. Jafnframt fól amtsráðið forseta sínum, að senda frumvarpið áleiðis til landshöfðingja með meðmælum sínum, og að láta prenta það og skýrslu um málið, til þess að alþingismönnum og almenningi gefist kostur á að kynna sjer það.

Að öðru leyti áleit amtsráðið, að það væri mikið velferðarmál að fjárkláðanum yrði útrýmt sem allra fyrst á svæðinu milli Jökulsár á Brú og Jökulsár í Axarfirði og að það hefði mikla þýðingu fyrir landið í heild sinni, ef það gæti heppnast nú á næsta ári. Til þess að þetta geti orðið, telur amtsráðið nauðsynlegt.

1. Að amtmaður setji sjerstakan mann til að annast lækning á kláðasjúku fje og böðun á því fje, sem er kláðagrunað, og fái hann þóknun fyrir starfa sinn úr jafnaðarsjóði.
2. Að maður þessi kenni öðrum mönnum lækning á fjárkláðanum og taki þá sjer til aðstoðar eptir fyrir mælum amtmanns og fái þeir einnig þóknun fyrir starfa sinn úr jafnaðarsjóði.
3. Að lyf þau, sem verða notuð til fjárbaðana og sótthreinsunar, þegar almennar fjárbaðanir eða sótthreinsanir eru eigi fyrirskipaðar, verði kostuð af jafnaðarsjóði.
4. Að almennar fjárbaðanir fari fram í allri Norðurþingeyjarsýslu og Norðurmúlasýslu að Jökulsá á Brú fyrir lok nóvembermánaðar í haust eða að minnsta kosti fyrir árslok.
5. Að framkvæmdar værdi fjárskoðanir eigi að eins á útflutningsfje, og á öllu fje að vetrinum, heldur og eptir þörfum í haustrjettum í allri Norðurþingeyjarsýslu og Norðurmúlasýslu að Jökulsá á Brú.
6. Að amtmaður brýni fyrir mönnum nauðsýn á sótthreinsun fjárhúsa, þar sem kláði kemur fyrir og á alla varkárni með sótt næmi fjárkláðans.
7. Að amtmaður brýni fyrir hreppstjórum, aðstoðarmönnum þeirra og öllum almenningi, að fylgja nákvæmlega reglum, sem gefnar eru út af amtmanni 18. júní f. á.

Að öðru leyti fól amtsráðið forseta sínum að sjá um framkvæmdir í þessu máli, er miða til útrýmingar fjárkláðanum.

## 6. Amtsráðið tók til ihugunar að hinar fyrirhuguðu ráðstafanir til útrýmingar

99

fjárkláðanum myndu hafa töluverðan kostnað í för með sjer, og ákvað því að taka allt að 4000 kr. lán til útrýmingar fjárkláðanum í amtinu og fól það því forseta sínum að leita leyfis landshöfðingja til lántökunnar, og að taka lán þetta fyrir hönd amtsráðsins.

7. Framlögð voru brjef sýslumannsins í Norðurmúlasýslu, dags. 9. febr. og 18. maí þ. á., þar sem hann sækir um að veittar verði úr jafnaðarsjóði til sótt-breinsunar á fjárhúsum, eptirlits og skoðana síðasta haust í Skeggjastaðahreppi 116 kr. 17 a., og í Vopnafjarðarhreppi að minnsta kosti 100 kr.

Amtsráðið veitti í þessu skyni 100 kr. til Vopnafjarðarhrepps og fyrir sóttbreinsunarmedul í Skeggjastaðahreppi 40 kr. 77 a.

8. Forseti lagði fram ýms brjef viðvíkjandi samningum við Búnaðarfjelag Suðuramtsins, og skýrði frá, að hann hefði gjört eptirfylgjandi tillögur um kosti fyrir því, að Norðuramtið og Austuramtið fyrir sitt leyti ásamt Búnaðarfjelinu stofnuðu búnaðarfjelag fyrir allt landið:

1. Að Norðuramtið leggi til 400 kr. og Austuramtið 200 kr. á ári, gegn því að Búnaðarfjelag Suðuramtsins leggi fram sjóð sinn, og þá sje ferðakostnaður eigi greiddur af fjelagssjóði eða

2. Að fólksfjöldinn í ömtunum sje lagður til grundvallar og Norðuramtið, Austuramtið og Búnaðarfjelag Suðuramtsins leggi til alveg eptir því einhverjar upphæðir, er menn koma sjer saman um, en þá verði ferðakostnaður greiddur af sjóði fjelagsins.

Til vara hefði hann gjört þá tillögu, að tillög amtanna yrðu færð niður um helming í 200 kr. og 100 kr. auk þess sem þau leggðu fram ferðakostnað til búnaðarþingsmanna og í þess stað legði Búnaðarfjelag Suðuramtsins að eins helminginn af sjóði sínum, en hinn helmingur sjóðsins sje lagður í sjóð, sem eingöngu sje varið til hagsmuna fyrir Suðuramtið.

Amtsráðið athugaði málið, og samþykkti þær tillögur, er forseti hafði gjört, en að öðru leyti ákvað það, að fresta þessu máli til næsta fundar.

9. Framlagt var brjef amtmannsins yfir Suður- og Vesturamtinu, dags. 29. okt. f. á., um þá tillögu, að námstíminn á búnaðnrskólunum yrði 3 ár í stað 2 ára. Amtsráðið ákvað að fela forseta, að bera mál þetta undir sýslunefndir Múlasýslnanna, og að fresta að gjöra ályktanir um málið, þangað til að þetta álit væri fengið.

10. Amtsráðið tók til ihugunar, að hreppsnefndirnar hefðu eigi gætur á heilbrigðisástandinu í hreppunum svo sem vera bæri, samkvæmt tilskipun um sveitastjórn 4. maí 1872, 15. gr.

Fyrir því ákvað amtsráðið, að fela forseta sínum, að heimta árlegaskýrslu af hreppsnefndum um þetta efni, samkvæmt fyrirmynd, er var framlögð á fundinum, svo og að láta prenta og útbyta ritgjörð eptir Guðmund lækni Hannesson, um næma sjúkdóma, og að gefa hreppsnefndunum bendingar um það, hverjar skyldur hvíldu á þeim í þessu efni og leiðbeiningar viðvíkjandi samning skýrslnanna. Ennfremur fól það forseta, að skýra læknum í amtinu frá ályktunum amtsráðsins og mælast til þess, að þeir veittu hrepps-

nefndunum, sem bezta leiðbeiningu til þess að fullnægja skyldu sinni að því er snertir heilbrigðismál. **99**

Amtsráðið tók ennfremur til ihugunar, að það væri mjög mikilsvert, að almennigur fengi meiri þekkingu á öllu því, sem snertir heilbrigðismál, sjúkdóma og sóttnæmi þeirra, og áleit að heppilegast í því efni væri að fá tímarit um þetta efni. Fyrir því veitti það allt að 150 kr. til útgáfu slíks tímarits, og fól forseta að veita þenna styrk.

11. Framlagt var brjef frá sýslumanninum í Austurskaptafellssýslu, dags. 12. maí þ. á., þar sem hann sækir um fyrir hönd sýslunefndarinnar þar, að amtsráðið veiti nefndinni leyfi til að taka allt að 1500 kr. lán til vegagjörðar frá Hólum að Hornafjarðarfjöti, þannig að 1000 kr. af láninu greiðist af sýslusjóði, og hitt af sýsluvegasjóði.

Amtsráðið samþykkti þetta.

12. Fram voru lagðar skýrslur um grenjaleitir og grenjavinnslur 1897 úr öllum hreppum í Norðurþingeyjarsýslu og Norðurmúlasýslu, úr öllum hreppum Suðurmúlasýslu nema Beruneshreppi. Skýrslur úr Austurskaptafellssýslu voru ókomnar.

Amtsráðið fól forseta sínum að semja aðalskýrslu um grenjaleitir og grenjavinnslur í amtinu og hlutast til um, að skýrsla þessi yrði prentuð í Cdeild Stjórnartíðindanna.

13. Framlagt var brjef frá sýslumanninum í Norðurmúlasýslu, dags. 25. júní þ. á., þar sem hann skýrir frá, að sýslunefnd Norðurmúlasýslu óski þess, að amtsráðið sjái um, að nægilega mikið bóluefni til bólusetninga gegn bráðafári á sauðfje sem og bólusetningarverktæri verði fánleg á næsta hausti í sýslunni, og ennfremur að skipaðir verði hæfir menn, er hafi á hendi bólusetningar í Vopnafjarðarhreppi, Fellahreppi, Fljótshreppi, Borgarfjarðarhreppi og Seyðisfjarðarhreppi. Ennfremur var lagt fram brjef frá hjeradslækninum í Vopnafirði um málið, dags. 7. þ. m. Út af þessu ákvað amtsráðið, að fela forseta sínum, að fara þess á leit við lækna á Vopnafirði og Djúpavogi, að útvega nægilegt bóluefni og bólusetningaráhöld fyrir amtið, og að kostnaðurinn við útvegum bóluefnisins og bólusetningaráhaldanna og þóknun til læknanna fyrir fyrirhöfn sína yrði greidd af jafnaðarsjóði amtsins svo og borgun fyrir bólusetningaráhöldin, en þann kostnað ákvað amtsráðið að skyldi endurgreiða með andvirði fyrir verkfærin.

14. Framlagt var bónarbrjef frá Sigurði Sigurðarssyni frá Draflastöðum, dags. 8. maí þ. á., þar sem hann sækir um 150 kr. styrk af jafnaðarsjóði, til að læra í Norvegi að bólusetja sauðfje gegn bráðafári. Amtsráðið sá sjer ekki fært að veita þessa upphæð, þar sem það þegar hefir gjört aðrar ráðstafanir í þessu máli.

15. Framlagt var brjef sýslumannsins í Norðurmúlasýslu, dags. 18. maí þ. á., þar sem hann fyrir hönd sýslunefndarinnar þar óskar, að amtsráðið veiti samþykki til þess, að sýslunefndin megi taka 2000 kr. lán til spítalans á Seyðisfirði. Amtsráðið samþykkti þetta.

16. Amtsráðið fól forseta sínum að fá útborguð með ákvæðisverði eða selja inn.

99

ritunarskírteini Ltr. A. fol. 91, að upphæð 1600 kr., tilheyrandi gjafasjóði Guttorms prófests Þorsteinssonar, innritunarskírteini Ltr. A. fol. 90, að upphæð 800 kr. og kgl. skuldabr. nr. 97 að upphæð 352 kr. og nr. 390 að upphæð 737 kr. 66 a. tilheyrandi gjafasjóði Pjeturs sýslumanns Þorsteinssonar og kgl. skuldabr. nr. 69, að upphæð 835 kr. 52 a., tilheyrandi búnaðarsjóði Austuramtsins.

17. Amtsráðsmenn Austurskaptafellssýslu og Suðurmúlasýslu lögðu fram sýslusjóðsreikningana, er þeir höfðu endurskoðað. Voru reikningarnir úrskurðaðir á þessa leið:

a. Við sýslusjóðsreikning Norðurþingeyarsýslu þótti athugavert, að kvittun fyrir 250 kr. styrk til gufubátsferða vantar og ber reikningshaldara að útvega hana og senda.

b. Við sýslusjóðsreikning Norðurmúlasýslu þótti athugavert:

1. Að reikning yfir kostnaðinn við fjárkládann í Vopnafjarðarhreppi vorði 1897 vantar, en af skýrslum um fjárkládann, er fylgja kláðamálinu sjest, að kostnaðurinn hefir verið alls 154 kr.; af þessari upphæð átti að greiða helminginn úr sýslusjóði eða 77 kr., en greitt hefir verið samkvæmt fylgiskjali 46, 78 kr. Virðist því afborguð 1 kr., sem ber að endurgjalda.

2. Í kvittun sumra sýslunefndarmanna (fsk. 6, 8 og 10) fyrir hinni venjulegu borgun til þeirra, 2 kr. á dag, vantar að tilgreina, hve mörgum dögum þeir hafi verið til ferðar sinnar, og ber að gæta þess eptirleiðis.

3. Reikning yfir kostnað við að lækna hunda í Skeggjastaða- Vopnafjarðar- Fella- og Hjaltastadahreppi vantar og ber að láta slíka reikninga fylgja eptirleiðis sýslusjóðsreikningunum.

c. Við reikning Suðurmúlasýslu þótti athugavert, að verið hefir verið 24 kr. 50 a. (fsk. 43) til aðgjörðar á lögferju. Rjettara virðist að hafa ferjutollinn svo háan, að ferjan geti borið sig.

Við þessa sýslusjóðsreikninga þótti ennfremur athugavert, að þeim fylgir eigi yfirlitsreikningur yfir eignir og skuldir eins og á að vera samkvæmt 41. gr. sveitarstjórnarlaganna, og ber að gæta þess eptirleiðis að senda slíkan reikning.

d. Við reikning Austurskaptafellssýslu þótti ekkert athugavert.

18. Amtsráðsmennirnir í Norðurþingeyarsýslu og Norðurmúlasýslu lögðu fram sýsluvegasjóðsreikningana, er amtsráðið síðan rannsakaði og úrskurðaði á þessa leið:

a. Við reikning Norðurþingeyarsýslu þótti athugavert að reikningurinn er talinn um tekjur og gjöld Þingeyarsýslu í staðinn fyrir Norðurþingeyarsýslu og að reikningurinn ber eigi með sjer fyrir hvert ár hann er. Ennfremur vantar kvittun fyrir 100 kr. styrk til gufubátsferða, er ber að útvega og senda.

b. Við sýsluvegasjóðsreikning Norðurmúlasýslu og Austurskaptafellssýslu þótti ekkert verulegt að athuga.

- c. Við sýsluvegasjóðsreikning Suðurmúlasýslu, þótti athugavert, að yfirlitsskýrsla um sýsluvegasjóðsgjöld hreppanna (fsk. 11) fylgir eigi reikningnum, en að öðru leyti þótti ekkert verulegt að athuga við reikninginn.
19. Framlagður var reikningur bókasafns Austuramtsins 1897 með fylgiskjölum. Amtsráðið rannsakaði reikninginn og samþykkti hann síðan án athugasemda.
20. Framlagðir voru reikningar búnaðarskólans á Eidum 1897—98. Amtsráðið rannsakaði reikninga þessa og úrskurðaði þá á þessa leið:
- a. Við reikning yfir tekjur og gjöld skólans þótti ekkert athugavert.
- b. Við viðskiptareikning skólasjóðs og skólabús þótti athugavert, að úttekt í pöntunaríjlagi Fljótsdalshjéraðs er vanreiknuð um 49 aura, er ber að greiða í næsta reikningi.
- c. Við jafnaðarreikning skólabúsins þótti ekkert athugavert.
21. Forseti gat þess að lög 26. febr. þ. á. um horfelli á skepnum kæmu innan skamms í gildi, og þar sem ákveðið væri í lögunum, að amtstráðið skyldi semja fyrirmynd fyrir skýrslur þær, er hreppstjórar skyldu gefa, þá væri eðlilegt að slík fyrirmynd væri þegar gefin, er gæti verið til afnota næsta vetur.
- Amtsráðið samdi því slíka fyrirmynd, er skyldi gilda til bráðabirgða næsta vetur, en jafnframt fól það forseta að útvega tillögur sýslunefndanna um skýrslufyrirmynd, er framvegis skyldi gilda.
22. Amtsráðið ákvað að breyta fyrirkomulagi á útlánnum af bókasafni Austuramtsins, þannig að mönnum, sem eru langt frá Seyðisfirði, veiti sem hægst að nota bókasafnið og taldi heppilegast í því efni, að sýslunefndirnar settu hjá sjer undirbókaverði, er stæðu fyrir útlánnum og útvegum bóka í hinum fjarlægari hjeruðum.
- Amtsráðið samþykkti reglur fyrir bókasafnið og fól forseta að fara þess á leit við sýslunefndirnar að setja undirbókaverði á hentugum stöðum.
23. Amtsráðið kaus 4 menn í bókasafnsnefnd til 4 ára og hlutu kosningu Einar prófastur Jónsson í Kirkjubæ, Jóhannes sýslumaður Jóhannesson á Seyðisfirði, Skapti ritstjóri Jóseppson á Seyðisfirði og barnakennari Lárus Tómasson á Seyðisfirði.
24. Framlagt var brjef frá sjúkrahúsnefndinni á Seyðisfirði, dags. í dag, þar sem hún fer þess á leit, að veittur verði 300 króna styrkur úr jafnaðarsjóði til spítala þar, sem byrjað er að byggja.
- Amtsráðið samþykkti að veita þessa upphæð.
25. Framlagt var brjef frá sýslumanni Axel Tulinius á Eskifirði, dags. í dag, þar sem hann sækir um 50 kr. styrk til leikfimis- og skottíjlags Eskifjarðar. Amtsráðið veitti þenna styrk.
26. Framlagt var bónarbrjef frá frú Elinu Eggertsdóttir, frú F. Briem og ungrú H. Gísladóttur, dags. 30. apríl þ. á., þar sem þær sækja um styrk til hússtjórnarskólans í Reykjavík. Amtsráðið veitti skólanum 150 kr.
27. Framlagt var bónarbrjef frá sýslumanninum í Eyjafjarðarsýslu, dags. 1. þ. m., um venjulegan styrk til kvennaskóla Eyfirðinga, og frá sýslumanninum í

99 Húnavatnssýslu, dags. 26. marz þ. á., um 100 kr. styrk til kvennaskólans á Ytri-Ey. Ennfremur voru lagðar fram ýmsar skýrslur og skjöl um skólana, sem amtsráðið athugaði.

Amtsráðið veitti hvorum skólanum fyrir sig 100 kr. úr jafnaðarsjóði næsta ár. —

28. Amtsráðsmaður Nordurmúlasýslu gjörði þá tillögu, að amtsráðið veitti ritstjóra Skapta Jósepssyni á Seyðisfirði 200 kr. til viðurkenningar fyrir það, að hann hefði stofnað bókasafn Austuramtsins og á sínum tíma útvegað því miklar bókaþjafir og fjárstyrk í útlöndum.

Amtsráðið veitti þessar 200 krónur.

29. Framlögð var beiðni frá sýslunefnd Sudurmúlasýslu um það, að amtsráðið gjörði breyting á yfirsetukvennaumdæmum sýslunnar þannig að þau yrði:

1. Mjóafjarðarumdæmi: Mjóafjarðarhreppur.

2. Norðfjarðarumdæmi: Norðfjarðarhreppur.

3. Vöðluvíkurumdæmi: Vöðluvík, öll útsveit norðan megin Reyðarfjarðar að Hrafná, sem er milli Helgustada og Breiðuvíkur, og útsveit sunnan megin Reyðarfjarðar frá Vattarnesi til Þernuness incl.

4. Eskifjarðarumdæmi: Frá Hrafná inneptir kringum Eskifjörð að Hólma-hálsi.

5. Reyðarfjarðarumdæmi: Frá Hólmahálsi kringum Reyðarfjörð að Berunesi incl.

6. Fáskrúðsfjarðarumdæmi: Fáskrúðsfjörður frá Kolfreyjustað að Hafnarnesi incl.

7. Stöðvarfjarðarumdæmi: frá Gvendarnesi incl. kringum Stöðvarfjörð að Hvalnesskriðum.

8. Breiðdalsumdæmi frá Hvalnesskriðum um allan Breiðdal að Streiti incl.

9. Berunessumdæmi: Beruneshreppur.

10. Djúpavogsumdæmi: Hálsþinghá og Hamarsdalur að Melrakknesi.

11. Álptafjarðarumdæmi: frá Melrakknesi að Lónsheiði.

12. Skriðdalsumdæmi: Skriðdalshreppur.

13. Vallaumdæmi: Vallahreppur.

14. Eiðaumdæmi: Eiðahreppur.

Amtsráðið samþykkti þetta.

30. Amtsráðið tók til ihugunar, að það væri mjög mikið velferðarmál fyrir amtíð, að hinn fyrirhugaði frjettapráður yrði eigi eingöngu lagður upp til Reykjavíkur, heldur einnig til Austfirðingafjórðungs.

Fyrir því felur það forseta sínum, að bera fram þá einhuga ósk amtsráðsins, að ráðgjafinn fyrir Ísland vildi gjöra allt, sem í hans valdi stæði, til þess að frjettapráðurinn yrði lagður í land á Austfjörðum, og þaðan til Akureyrar, Reykjavíkur og Ísafjarðar.

31. Var samin og samþykkt svohljóðandi

## Aætlun

99

um tekjur og gjöld jafnaðarsjóðs Austuramtsins 1899.

## Tekjur:

1. Væntanlegar eptirstöðvar . . . . .	kr. 500,00
2. Jafnaðarsjóðsgjald . . . . .	— 2700,00
3. Lán til útrýmingar fjárkláðanum . . . . .	— 4000,00
	<u>kr. 7200,00</u>

## Gjöld:

1. Kostnaður við amtsráðið . . . . .	kr. 1000,00
2. Til heilbrigðismála . . . . .	— 100,00
3. Til menntamála:	
a. Til bóka og áhalda handa Eiðaskóla . . . . .	kr. 100,00
b. — kvennaskóla Eyfirðinga . . . . .	— 100,00
c. — kvennaskólans á Ytri-Ey . . . . .	— 100,00
d. — hússtjórnarskólans í Reykjavík . . . . .	— 150,00
e. — bókasafns Austuramtsins . . . . .	— 500,00
f. — tímarits um heilbrigðismál . . . . .	— 150,00
	<u>— 1100,00</u>
4. Til leikfimis og skotfjelags Eskifjarðar . . . . .	— 50,00
5. — ritstjóra Skapta Jósepssonar til viðurkenningar . . . . .	— 200,00
6. — útrýmingar fjárkláðanum . . . . .	— 4000,00
7. — spítala á Seyðisfirði . . . . .	— 300,00
8. Óviss útgjöld . . . . .	— 450,00

Samtals kr. 7200,00

Fleiri mál komu eigi til umræðu, fundarbók var upplesin og samþykkt, og svo var fundi slitið að kvöldi hins 14. júlí 1898.

Páll Briem. A. V. Tulinius. Þorgr. Þórðarson.

Árni Kristjánsson. Einar Jónsson.

\*

\*

\*

Skrifstofu Austuramtsins, Akureyri 22. júlí 1898.

Páll Briem.

## Skýrsla

100

um efnahag sýslusjóða í Suðuramtinu 1897.

## I. Vesturskaptafellssýsla.

## Tekjur:

1. Eign frá fyrra ári . . . . .	kr. 182,50
2. Sýslusjóðsgjald . . . . .	<u>— 1027,18</u> kr. 1209,68

## Gjöld:

1. Kostnaður sjóðsins . . . . .	kr. 981,50
2. Eign til næsta árs . . . . .	<u>— 228,18</u> kr. 1209,68